

**FRAMKVÆMDAREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1873****2020/EES/26/12****frá 7. nóvember 2019****um málsmeðferðarreglur á landamæraeftirlitsstöðvum vegna samræmdrar framkvæmdar lögbærra yfirvalda á auknu opinberu eftirliti með afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum og samsettum afurðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fôður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 65. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/625 falla tilteknir flokkar dýra og vara undir kerfisbundið eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum fyrir komu þeirra inn til Sambandsins.
- 2) Af 4. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 leiðir að ef um er að ræða grun um sviksamlega eða villandi viðskiptahætti af hálfu rekstraraðila eða ef um er að ræða alvarleg og endurtekin brot á reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar ætti að auka opinbert eftirlit sem lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum inna af hendi með sendingum með sömu notkun eða af sama uppruna. Samkvæmt 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 skal ákvörðun lögbærra yfirvalda um að framkvæma slíkt aukið eftirlit tilkynnt til framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkja gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit sem um getur í 131. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Til að tryggja samhæða nálgun að samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti með tilteknum vörum sem koma inn í Sambandið ætti að koma á nákvæmum málsmeðferðarreglum vegna samræmdrar framkvæmdar á þessu eftirliti, þ.m.t. reglur um hlutverk upplýsingastjórnunarkerfisins fyrir opinbert eftirlit að því er þetta varðar. Til hagræðingar ætti samræmd framkvæmd á auknu opinberu eftirliti á landamærum að takmarkast við flokka sendinga sem eru með sanngreinanlega, skráða upprunastarfsstöð, þ.e. sendingar af afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum og samsettum afurðum.
- 4) Þegar framkvæmdastjórnin tekur á móti tilkynningum frá lögbærum yfirvöldum í samræmi við 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 ætti hún einkum að meta hvort ósamræmi við tilskilin ákvæði byggist á grun um sviksamlega eða villandi viðskiptahætti eða á mögulega alvarlegum eða endurteknum brotum á reglunum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, t.d. setning á markað á afurðum úr dýraríkinu, sem innihalda magn aðskotaefna eða leifar af dýralyfjum sem er yfir hámarksgildi leifa, eða á afurðum sem eru ekki í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ⁽²⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2020 frá 7. febrúar 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

- 5) Til að draga úr áhættu á svíksamlegum eða villandi viðskiptaháttum með því að leggja litlar sendingar fram til opinbers eftirlits ætti heildarþyngd sendinga, sem eru í samræmi við tilskilin ákvæði og sem þarf til að ljúka samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti, að vera a.m.k. tíu sinnum meiri en þyngd sendingarinnar sem var kveikjan að ráðstöfuninni í upphafi. Til að komast hjá óásættanlegu stjórnsýsluálagi og fjárhagsbyrðum fyrir lögbær yfirvöld og fyrir rekstraraðila ætti þó að fastsetja hámarksheildarþyngd sendinga, sem eru í samræmi við tilskilin ákvæði, sem þarf til að ljúka samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti.
- 6) Ef brot sömu tegundar, sem eru tilgreind í tilkynningunni í samræmi við 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, koma í ljós varðandi þrjár sendingar sem koma inn í Sambandið meðan samræmd framkvæmd á auknu opinberu eftirliti stendur yfir ætti að halda áfram með samræmda framkvæmd á auknu opinberu eftirliti þangað til niðurstöður úr því og aðgerðir lögbærra yfirvalda í viðkomandi þriðju löndum eru fullnægjandi. Í því tilviki ætti framkvæmdastjórnin að fara þess á leit að lögbær yfirvöld þriðju landanna geri nauðsynlegar rannsóknir og ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu í upprunastarfsstöðinni og skili skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar.
- 7) Af ástæðum sem varða skilvirkni eftirlitskerfisins ætti aðildarríkjum að vera unnt að útiloka tilteknar sendingar frá samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti í tilvikum þar sem synja á um komu sendinganna inn til Sambandsins af öðrum ástæðum en vegna brotsins sem varð til þess að samræmt aukið opinbert eftirlit er innt af hendi.
- 8) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur sem varða málsmeðferðarreglur á landamæraeftirlitsstöðvum vegna samræmdrar framkvæmdar lögbærra yfirvalda á auknu opinberu eftirliti með afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum og samsettum afurðum sem koma inn í Sambandið til setningar á markað.

2. gr.

Skilgreining

Að því er varðar þessa reglugerð merkir „upprunastarfsstöð“ upprunastarfsstöð í þriðja landi, þ.m.t. skip frá þriðju löndum, sem er að finna í skrár sem eru teknar saman varðandi útflutning á afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum og samsettum afurðum til Sambandsins í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins.

3. gr.

Kveikjan að samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti

1. Þegar lögbær yfirvöld tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um ákvörðun sína, í samræmi við 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit skulu þau tilgreina upprunastarfsstöð, vöruflokk, þ.m.t. lýsing og númer úr sameinuðu nafnaskránni sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/97⁽³⁾, og brotið sem er kveikjan að samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti.

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjúd. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

2. Eftir móttöku tilkynningarinnar, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin meta hvort eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- tilkynningin byggist á grun um sviksamlega eða villandi viðskiptahætti eða um mögulega alvarleg eða endurtekin brot á reglum sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625,
 - tilkynningin tengist athöfn eða athafnaleysi sem upprunastarfsstöð viðkomandi sendingar ber ábyrgð á,
 - viðkomandi sending fellur ekki þegar undir samræmda framkvæmd á auknu opinberu eftirliti í samræmi við þessa reglugerð og
 - viðkomandi sending fellur ekki undir neyðarráðstafanir sem voru samþykktar í samræmi við 53. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁴⁾ eða 261. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 ⁽⁵⁾ eða undir sérstakar ráðstafanir sem voru samþykktar í samræmi við 128. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 vegna sama brots og þess sem tilgreint er í tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.
3. Framkvæmdastjórnin skal skrá niðurstöðuna úr mati sínu, sem um getur í 2. mgr., í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit.
4. Ef niðurstöðurnar úr matinu, sem um getur í 2. mgr., benda til þess að nauðsynleg skilyrði hafi verið uppfyllt skulu lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum í öllum aðildarríkjum inna af hendi samræmt aukið opinbert eftirlit.

4. gr.

Málsmeðferðarreglur vegna samræmdar framkvæmdar á auknu opinberu eftirliti

- Lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum í öllum aðildarríkjum skulu inna af hendi sannpröfun auðkenna og eftirlit með ástandi, sem um getur í 49. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, varðandi hverja sendingu, sem kemur frá sömu upprunastarfsstöð og inniheldur sama flokk vara, m.t.t. brots sömu tegundar eins og tilgreint er í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit í samræmi við 1. mgr. 3. gr.
- Að því er varðar eftirlitið, sem um getur í 1. mgr., skal velja sendingarnar á grundvelli númeranna úr sameinuðu nafnaskránni sem eru tilgreind í upplýsingastjórnunarkerfinu fyrir opinbert eftirlit í samræmi við 1. mgr. 3. gr.
- Ef númerin eru ekki nógu nákvæm til að sanngreina vörflokkinn á tilhlýðilegan hátt skulu lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum einungis láta sendingar, sem eru valdar á grundvelli þessara númera, falla undir samræmda framkvæmd á auknu opinberu eftirliti ef þær samsvara lýsingum á vörunum sem eru tilgreindar í samræmi við 1. mgr. 3. gr.
- Lögbær yfirvöld skulu skrá í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit ástæður þess að valin sending er ekki látin falla undir samræmda framkvæmd á auknu opinberu eftirliti í samræmi við 3. mgr.

5. gr.

Eftirlit sem komið er á

- Ef brot sömu tegundar, sem eru tilgreind í tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. 3. gr., koma í ljós varðandi þrjár sendingar sem koma inn í Sambandið meðan samræmd framkvæmd á auknu opinberu eftirliti stendur yfir skal framkvæmdastjórnin fara þess á leit að lögbært yfirvald í þriðja landinu þar sem upprunastarfsstöð sendinganna, sem eru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, er staðsett:
- geri nauðsynlegar rannsóknir til að greina ástæðurnar fyrir brotunum („eftirlit sem komið er á“),
 - samþykki aðgerðaáætlun í tengslum við upprunastarfsstöðina til að ráða bót á ástandinu á skilvirkan hátt og

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stj. 178/2002, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stj. 16/2016, bls. 1).

c) skili skýrslu um aðgerðirnar sem um getur í a- og b-lið, þ.m.t. niðurstöður úr aðgerðaáætluninni.

2. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast náið með niðurstöðum úr eftirlitinu sem komið er á og aðgerðaáætluninni og grípa til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafanir í samræmi við 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 og 4. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 ef:

- a) lögbært yfirvald í þriðja landinu grípur ekki til viðeigandi aðgerða til að ráða bót á ástandinu á skilvirkan hátt eða
- b) lögbær yfirvöld í aðildarríkjum halda áfram að tilkynna um ófullnægjandi niðurstöður úr samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti.

6. gr.

Samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti lýkur

1. Samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti skal ljúka í eftirfarandi tilvikum:

- a) þegar lögbært yfirvald ákveður að afturkalla tilkynningu sína, sem um getur í 1.mgr. 3. gr., og upplýsir framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki um það í gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit og færir rök fyrir ákvörðun sinni eða
- b) þegar eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:
 - i. lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum í aðildarríkjum hafa skráð fullnægjandi niðurstöður í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit a.m.k. 10 sinnum í óslitinni röð eftir samræmda framkvæmd á auknu opinberu eftirliti og
 - ii. heildarþyngd sendinganna, sem um getur í i. lið, er a.m.k. tíu sinnum meiri en þyngd sendingarinnar sem tilkynningin, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., varðaði eða eigin þyngd nemur 300 tonnum, eftir því hvort er lægra.

2. Ef framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir því að eftirliti sé komið á í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. skal samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti þó ljúka ef:

- a) lögbær yfirvöld á landamæraeftirlitsstöðvum í aðildarríkjum hafa skráð fullnægjandi niðurstöður í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit a.m.k. 30 sinnum í óslitinni röð eftir samræmda framkvæmd á auknu opinberu eftirliti og
- b) lögbært yfirvald í þriðja landinu hefur samþykkt fullnægjandi aðgerðaáætlun í samræmi við b-lið 1. mgr. 5. gr.

7. gr.

Kostnaður af samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti

Kostnaðinn af samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti skal rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð á sendingunum sem falla undir þetta eftirlit, bera.

8. gr.

Sendingar sem eru undanskildar samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti

1. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að undanskilja sendingu frá samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti ef synja á um komu sendingarinnar inn til Sambandsins, í samræmi við 1. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, af öðrum ástæðum en vegna brotsins sem varð til þess að samræmt aukið opinbert eftirlit er innt af hendi.

2. Lögbær yfirvöld skulu skrá í upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit ástæður þess að sending er útilokuð frá samræmdri framkvæmd á auknu opinberu eftirliti í samræmi við 1. mgr.

9. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
